

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás Krossanesbraut/Ægisnes 1, Akureyri



Dags eftirlits	2.10.2012	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Hringrás	Fulltrúi UST	Valur Klemensson
Heimili	Ægisnes 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4205891319	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Viðarsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis	Ásmundur Einarsson	Staðsetning	540324,643 578806,94

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerðar eru 4 athugasemdir og 5 frávik staðfest. Athugasemdir varða geymslu úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila, olíumengun og meðhöndlun olúsía, en frávikin að girðingu vantaði að hluta við skoðun og sýnataka af fráveituvatni hafði ekki farið fram við eftirlit. Girðingarvinnu er hins vegar lokið nú og sýnataka hefur farið fram og niðurstöður borist. Sink og olía voru við losunarmörk en mælingu á súrefnisþörf og svifögnum vantar. Önnur frávik voru að magn brennanlegs úrgangs var of mikið á geymslusvæði, úrgangsflokkum var ekki haldið aðskildum og merkingum spilliefna var áfátt.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir síðustu eftirlitsskýrslur, kröfur í starfsleyfi og reglugerðum er varða geymslu og merkingar spilliefna, magn úrgangs, eftirlitsmælingar flokkun og meðhöndlun olúsía og hvort nauðsynleg gögn væru aðgengileg starfsfólki, t.d. viðbragðsáætlun, neyðaráætlun og verklýsingar, Ekki var farið yfir móttöku og skráningu úrgangs að þessu sinni. Að fundi loknum var athafnasvæði rekstraraðila skoðað.

Frávik frá

Ákv. 1.2. Samkvæmt því skal magn brennanlegs úrgangs ekki fara yfir 200 tonn hverju sinni. Samkv. ákv. 4.1 og 4.2 skal skrá magn og teg. spilliefna o.s.frv. og hafa reglul. eftirlit

Lýsing á frávikum

Magn brennanlegs úrgangs var auðsjáanlega of mikið á svæðinu. Ekki lá fyrir hvert magnið á svæðinu væri.

Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila hefur magn brennanlegs úrgangs nú verið minnkað verulega og ætti að vera vel undir leyfilegum magnmörkum.

Ákv. 2.1 en samkv. því skal aðgangur að svæði rekstraraðila takmarkaður með öryggisgirðingu.

Girðingu vantaði að hluta, en reising hennar stóð yfir. Rekstraraðili sýndi fram á að hann hefði lokið uppsetningu girðingar með myndum sem sendar voru 17.10.12. Viðvörðunarskilti sem vantaði við eftirlit í maí var nú komið á sinn stað.

Gr. 8 í reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni er kveður á um upplýsingar sem koma eiga fram um viðk. spilliefni og útfærslu merkinga/umbúða

Merkingar á ílátum spilliefna var áfátt. Merkingar skulu vera nægilegar og tryggar þ.e. vel festar og þola rigingu og rok.

Rekstraraðili vinnur að úrbótum og hefur m.a. sent dæmi um útfærslu merkinga.

Ákvæði 2.11 en þar segir að hreinn aðskilnaður skuli vera milli úrgangs-flokka, svo lágmarka megi sambruna-hættu.

Hreinn aðskilnaður er ekki fyrir hendi á úrgangshaugum á athafnasvæði rekstraraðila.

Ákvæði 5.2 um mælingu á samsetningu fráveituvatns sem fer um olíuskilju. Mælingin á að fara fram fyrir 1. okt. árlega.

Sýnataka og mæling á samsetningu fráveituvatns fór ekki fram fyrir tilsett tímamörk. Samkvæmt uppl. frá rekstraraðila fór sýnataka fram í annarri viku okt. sl. og bærust niðurstöður nú í nóv. Magn olíu og sinks eru við losunarmörk, en annað í lagi. Hins vegar vantar mælingu á súrefnisþörf og svifögnum.

ATHUGASEMDIR

Nauðsynlegt er að halda bókhald yfir magn úrgangs á svæðinu m.a. svo auðvelt sé að komast hjá því að fara yfir leyfileg magnmörk. Af öryggisástæðum er m.a. gerð kafa um hreinan aðskilnað úrgangsflokka en hann er ekki ávallt fyrir hendi hjá rekstraraðila. Því vaknar spurning um hvort umráðasvæðið sé nægilega stórt, annars er nauðsynlegt að flytja úrgang tíðar af svæðinu en nú er gert. Þá er rétt að minna á að úrgangshaugar eiga ekki að standa nær skemmu en sem nemur 8 metrum. Eins er rétt að sjá ávallt til þess að ekki rigni á úrgang sem innihaldið gæti spilliefni, svo komist sé hjá hættu á losun þeirra í vatn.

Olíuauðar voru ansi víða á plani rekstraraðila og lágu eins og gert er ráð fyrir í niðurföll. Mikilvægt er að lágmarka olíumengun eins og kostur er. Miðað er við að olíuskilja í fráveitu taki aðeins við olíumengun vegna óhappa eða vegna óþekktis leka úr farartækjum eða þ.h.

Við eftirlit og í rafpósti að því loknu var leitað upplýsinga um meðhöndlun olíusía hjá rekstraraðila, en nægilegar upplýsingar fengust ekki. Olíusíur innihalda olíuúrgang sem er flokkaður sem krabbameinsvaldandi efni (flokkur 2). Óskað er eftir nánari upplýsingum um:

1. olíuinnihald að lokinni meðhöndlun rekstraraðila
2. Flokkun olíusía í samræmi við skrá yfir spilliefni, sjá reglugerð nr. 184/2002 og
3. Áframhaldandi meðhöndlun síanna hjá móttökuaðila.

Upplýsingar um flokkun olíuúrgangs sem inniheldur hættuleg efni má m.a. finna hér: https://www.hazwasteonline.com/marketing/media/Regulations/How_to_find_out_if_waste_oil_.pdf

Við fyrirvaralaust eftirlit sem fram fór í maí sl. var timburúrgangur á svæðinu. Svo var einnig nú, en rekstraraðili hefur fengið heimild til geymslu þess nú, sjá nánar undir liðnum annað.

Í kjölfar eftirlits brást rekstraraðili fljótt við flestum athugasemdum Umhverfisstofnunar og bætti úr, eins og sjá má undir frávikalýsingum. Þar sem frávik voru staðfest í eftirlitinu eru þau skjalfest hér en umbóta rekstraraðila í kjölfar eftirlits einnig getið.

Rekstraraðili telur óþarft að mæla svifagnir og súrefnisþörf (sjá frávik um mælingar á fráveituvatni), eins og kveðið er á um í starfsleyfisdrögum. Eftirlitsaðili getur ekki fallist á það nema viðkomandi ákvæði verði breytt í starfsleyfi. Þar sem starfsleyfi hefur enn ekki verið gefið út, getur rekstraraðili kannað hvort breyting á ákvæðinu sé möguleg.

ANNAÐ

Rekstraraðili hefur fengið undanþágu frá gildu starfsleyfi. Undanþágan er háð því að rekstraraðili fari eftir fyrirbyggjandi starfsleyfisdrögum en í þeim eru gerðar viðbætur um magn og tegundir úrgangs sem meðhöndla má eða 300 tonn á mánuði af hættulitlum almennum úrgangi og um 500 tonn á mánuði af timbri, garðaúrgangi og greinum og svipuðum úrgangi, Undanþágan rann út 1.2.2013.

Reykjavík, 06.02.2013



Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.